

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. apríl 2012

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 699. mál

Samorku gafst líkt og ýmsum fleiri hagsmunaaðilum tækifæri til að hitta nefndina í dag, 26. apríl, og vilja samtökin í framhaldi af því koma athugasemdum sínum áleiðis skriflega, líkt og fram kom á fundinum að væri velkomid, þótt málið hafi ekki verið sent út til umsagnar.

Um er að ræða eins konar framhald af frumvarpi sem til umræðu var á 138. löggjafarþingi (658. mál), sem Samorka skilaði umsögn um þann 8. júlí 2010. Talsvert samráðsferli fór fram veturinn 2010-2011 í framhaldi af alvarlegum athugasemdum ýmissa hagsmunaaðila við frumvarpið og m.a. átti Samorka ágætan fund með þremur ráðuneytisstjórum innan ramma þess samráðsferlis. Því miður er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til sjónarmiða samtakanna – né sambærilegra sjónarmiða fjölda annarra samtaka í íslensku atvinnulífi – við framsetningu þessarar tillögu.

Samorka setur ekki fram sérstök sjónarmið um þau áform að setja á fót sameinað efnahags- og fjármálaráðuneyti. Þá gera samtökin ekki athugasemdir við áform um að komið verði á fót sameinuðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, enda muni stjórnarsýsla orkumála a.m.k. ekki veikjast frá því sem nú er í litlu en vel mönnumdu iðnaðarráðuneyti. Samorka gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við áform um að færa auðlindamál undir umhverfisráðuneytið í nýju umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Óeðlileg stjórnarsýsla

Umhverfisráðuneytið fer, ásamt undirstofnunum sínum, nú þegar með afar stór hlutverk í öllu ferli auðlindanýtingar þegar orkuvinnsla er annars vegar. Að mati Samorku væri það algerlega óeðlileg stjórnarsýsla að sami ráðherra gegndi lykilhlutverki við rannsókn- og auðlindastýringu annars vegar og færi t.d. með skipulagsmálin og mat á umhverfisáhrifum hins vegar. Um þetta hafa m.a. aðalfundir Samorku ályktað undanfarin ár og lýsa samtökin því verulegum áhyggjum af þessum áformum.

Engin rök

Í athugasemdum við tillöguna er því m.a. lýst í þremur liðum (3. kafli, 1.-4. mgr.) hvaða atriði höfð eru að leiðarljósi varðandi fyrirhugaða stofnun nýs umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Er þar fjallað um stefnumörkun varðandi svonefndar meginreglur



umhverfisréttar annars vegar, og um formgerð á samstarfi ráðherra og ráðuneyta hins vegar. Ekkert þessara verkefna kallar hins vegar með nokkrum hætti á umrædda breytingu á verkefnaskipan ráðuneyta.

Síðar í sama skjali (3. kafli, undir millifyrirsögninni *Umhverfis- og auðlindaráðuneyti*) er ennfremur tekið fram að með stofnun umrædds ráðuneytis sé lögð sérstök áhersla á aukið hlutverk þess varðandi sjálfbæra nýtingu auðlinda í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Ráðuneytið muni m.a. fá það hlutverk að setja viðmið um sjálfbærni sem ætlað sé að tryggja ábyrga umgengni við náttúruna og allar auðlindir hennar. Engin dæmi eru hins vegar nefnd um að skort hafi á slíka ábyrgð í umgengni við náttúruna eða að áherslunni á sjálfbærni hafi á nokkurn hátt verið ábótavant. Markmiðin eru engu að síður göfug en ekki verður séð að þessar áherslur kalli með nokkru móti á stofnun nýs umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Með öðrum orðum þá felur meint sérstök röksemdafærsla þingskjalsins fyrir stofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytis ekki í sér nein sérstök rök fyrir þeirri breytingu.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri